

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
2018/EES/21/01	Beiðni <i>Borgarting lagmannsrett</i> dags. 23. nóvember 2017 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Nye Kystlink AS gegn Color Group AS og Color Line AS (Mál E-10/17) .....	1
2018/EES/21/02	Dómur dómstólsins frá 27. nóvember 2017 í máli E-12/16 – Marine Harvest ASA með fulltingi <i>Norsk Industri</i> (samtaka iðnaðarins í Noregi) gegn Eftirlitsstofnun EFTA með fulltingi Konungsríkisins Noregs .....	2
2018/EES/21/03	Dómur dómstólsins frá 27. nóvember 2017 í máli E-19/16 – Thorbjørn Selstad Thue með fulltingi <i>Politiets Fellesforbund</i> (landssambands norskra lögreglumanna) gegn Norska ríkinu .....	3
	<b>III ESB-STOFNANIR</b>	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2018/EES/21/04	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8547 – Celanese/Blackstone/JV) .....	4
2018/EES/21/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.8838 – Kerry Group/Korys Investments/Proparent) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	5
2018/EES/21/06	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8825 – Platinum Equity Group/Wyndham Vacation Rentals Europe Businesses) ...	6
2018/EES/21/07	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8836 – 3i/Sits) .....	6
2018/EES/21/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8841 – Equistone Partners Europe/FRAM/Karavel) .....	7

<b>2018/EES/21/09</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. október 2016 þar sem lýst er yfir að samruni fyrirtækja samræmist innri markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (mál M.7801 – Wabtec/Faiveley Transport) .....	<b>8</b>
<b>2018/EES/21/10</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. janúar 2018 þar sem lýst er yfir að samruni fyrirtækja samræmist innri markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (mál M.8306 – Qualcomm/NXP Semiconductors) .....	<b>8</b>
<b>2018/EES/21/11</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. febrúar 2018 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál AT.40113 – Spark Plugs) .....	<b>9</b>
<b>2018/EES/21/12</b>	Tilkynning skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Heimild til að viðhalda ákvæðum í landsrétti sem ganga lengra en samræmingarákvæði Evrópusambandsins .....	<b>10</b>

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Beiðni *Borgarting lagmannsrett* dags. 23. nóvember 2017 um ráðgefandi álit  
EFTA-dómstólsins í máli Nye Kystlink AS gegn Color Group AS og Color Line AS  
(Mál E-10/17)**

**2018/EES/21/01**

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Borgarting lagmannsrett* (áfrýjunardómstóls Borgarting) frá 23. nóvember 2017, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 24. nóvember 2017, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Nye Kystlink AS gegn Color Group AS og Color Line AS, að því er varðar eftirtaldar spurningar:

1. Leiðir það af reglu EES-réttar um jafngildi að beita verði takmörkunareglu í innlendum rétti sem kveður á um sérstakan eins árs fyrningarfrest til þess að höfða mál vegna tjóns sem verður við refsivert brot sem leitt hefur til fullnaðardóms með samsvarandi hætti í tengslum við skaðabótamál vegna brota á 53. og 54. gr. EES-samningsins, sem reist hefur verið á lokaákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA með álagningu sektar?
2. Leiðir regla EES-réttar um skilvirkni til takmörkunar á rétti EES-ríkja til að beita þriggja ára fyrningarfresti til þess að höfða skaðabótamál vegna brota á 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins, þegar þessi fyrningarfrestur helst í hendur við rannsóknarskyldu tjónþola sem gæti leitt til þess að fyrningarfresturinn liði áður en Eftirlitsstofnun EFTA kæmist að niðurstöðu í máli sem varðar brot gegn 53. og 54. gr. sem byggð er á kæru tjónþola?
3. Hvaða þáttum ber að ljá vægi við mat á því hvort beiting fyrningarfrests samkvæmt innlendum reglum, eins og fram kemur í spurningu 2, samræmist meginreglu EES-réttar um skilvirkni í samkeppnismálum með sama eðli og umfang og þetta mál?

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS****2018/EES/21/02****frá 27. nóvember 2017****í máli E-12/16****Marine Harvest ASA með fulltingi****Norsk Industri (samtaka iðnaðarins í Noregi)****gegn****Eftirlitsstofnun EFTA með fulltingi Konungsríkisins Noregs**

*(Málssókn til ógildingar á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA – Ríkisaðstoð – Fiskur og aðrar sjávarafurðir – Gildissvið EES-samningsins – Bókun 9 – Valdheimildir varðandi eftirlit)*

Hinn 27. nóvember 2017 felldi dómstóllinn dóm í máli E-12/16, Marine Harvest ASA með fulltingi samtaka iðnaðarins í Noregi (Norsk Industri) gegn Eftirlitsstofnun EFTA með fulltingi Konungsríkisins Noregs – KRAFA um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 27. júlí 2016 í máli nr. 79116, og þess efnis að það sé á valdsviði Eftirlitsstofnunar EFTA og skylda stofnunarinnar að hafa eftirlit með ríkisaðstoð við fiskveiðifyrirtæki. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður), og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Kröfunni er vísað frá þar sem hún er tilhæfulaus.
2. Marine Harvest ASA er gert að greiða eigin málskostnað og málskostnað Eftirlitsstofnunar EFTA.
3. Meðalgönguáðilum er gert að greiða eigin málskostnað.

**DÓMUR DÓMSTÓLSINS****2018/EES/21/03****frá 27. nóvember 2017****í máli E-19/16****Thorbjørn Selstad Thue með fulltingi *Politiets Fellesforbund* (landssambands norskra lögreglumanna)****gegn****Norska ríkinu**

*(Tilskipun 2003/88/EB – Öryggi og heilsuvernd starfsmanna – Vinnutími – Ferðir til og/eða frá öðrum viðverustað en föstum eða venjubundnum stað þar sem vinna er sótt)*

Hinn 27. nóvember 2017 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-19/16 Thorbjørn Selstad Thue með fulltingi *Politiets Fellesforbund* (landssambands norskra lögreglumanna) gegn norska ríkinu – BEIÐNI *Norges Høyesterett* (Hæstaréttar Noregs) skv. 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um eftirlitsstofnun og dómstól um túlkun á 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 sem varða ákveðna þætti við skipulag vinnutíma. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, Per Christiansen og Ása Ólafsdóttir (settur dómari), og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Tími utan venjubundins vinnutíma sem starfsmaður, í þessu tilviki sóknaraðili, ver til ferða til og/eða frá öðrum viðverustað en föstum eða venjubundnum stað þar sem hann sækir vinnu í því skyni að rækja starf sitt eða skyldur á umræddum öðrum stað, að kröfu vinnuveitanda, telst „vinnutími“ í skilningi 2. gr. tilskipunar 2003/88/EB.
2. Ekki er nauðsynlegt að meta í hve miklum mæli vinna fer fram á meðan á ferðunum stendur.
3. Tíðni slíkra ferða hefur ekki þýðingu nema áhrifin leiði til þess að vinnustaður starfsmanns sé fluttur á nýjan fastan eða venjubundinn stað þar sem hann sækir vinnu.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**

**2018/EES/21/04**

**(mál M.8547 – Celanese/Blackstone/JV)**

*Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004*

Hinn 12. september 2017 barst framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilkynning um fyrirhugaðan samruna Celanese og Blackstone. Tilkynnendur skýrðu framkvæmdastjórninni frá því 19. mars 2018 að þeir afturkölluðu tilkynninguna.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2018/EES/21/05****(mál M.8838 – Kerry Group/Korys Investments/Proparent)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. mars 2018 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Korys Investments NV („Korys“, Belgíu), sem er hluti af Colruyt Group.
- Kerry Group Plc („Kerry“, Írlandi).
- Proparent NV („Proparent“, Hollandi), eigandi 100% hluts í Ojah BV.

Korys og Kerry ná í sameiningu yferráðum, skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Proparent, sem er sem stendur alfarið undir yferráðum Korys.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Korys: fjárfestingar í margvíslegum fyrirtækjum á sviði hugbúnaðarlausna, endurnýjanlegrar orku og lækningabúnaðar. Colruyt er hluti af sömu samstæðu og fæst við heildsölu dreifingu á daglegum neytendavörum í Belgíu, Lúxemborg og Frakklandi.
- Kerry: framleiðsla á fæðuefnum og bragðefnum fyrir matvæla-, drykkja- og lyfjaiðnaðinn.
- Proparent: þróun og framleiðsla á próteinvörum unnum úr jurtum sem eiga að koma í stað kjöts og fisks.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 117, 3.4.2018). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.8838 – Kerry Group/Korys Investments/Proparent

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2018/EES/21/06**  
**(mál M.8825 – Platinum Equity Group/Wyndham Vacation Rentals Europe Businesses)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. mars 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8825. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2018/EES/21/07**  
**(mál M.8836 – 3i/Sits)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. mars 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8836. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.8841 – Equistone Partners Europe/FRAM/Karavel)**

**2018/EES/21/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. mars 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8841. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

---

<sup>(1)</sup> Stjórn. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. október 2016 þar sem lýst er yfir að samruni fyrirtækja samræmist innri markaðinum og framkvæmd EES-samningsins** **2018/EES/21/09**  
**(mál M.7801 – Wabtec/Faiveley Transport)**

Hinn 4. október 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun í samrunamáli samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Heildartexti ákvörðunarinnar á ensku en án trúnaðarupplýsinga er birtur á vef aðalskrifstofu samkeppnismála á eftirfarandi slóð: [http://ec.europa.eu/comm/competition/index\\_en.html](http://ec.europa.eu/comm/competition/index_en.html).

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. janúar 2018 þar sem lýst er yfir að samruni fyrirtækja samræmist innri markaðinum og framkvæmd EES-samningsins** **2018/EES/21/10**  
**(mál M.8306 – Qualcomm/NXP Semiconductors)**

Hinn 18. janúar 2018 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun í samrunamáli samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja <sup>(2)</sup>.

Hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu, með fyrirvara um að tilkynnandi fullnægi þeim skuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur, að hinn fyrirhugaði samruni muni ekki hafa markverð áhrif á virka samkeppni á innri markaðnum eða verulegum hluta hans. Því hefur framkvæmdastjórnin lýst samrunann samrýmanlegan innri markaðinum og EES-samningnum.

Ákvörðunina í heild er að finna í [Stjútíð. ESB C 111, 26.3.2018, bls. 79](#).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar****2018/EES/21/11****frá 21. febrúar 2018****um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins****(mál AT.40113 – Spark Plugs)**

Hinn 21. febrúar 2018 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um breytingu á ákvörðun um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, hefur framkvæmdastjórnin nú birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar ([Stjúd. ESB C 111, 26.3.2018, bls. 26](#)), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

<sup>(1)</sup> Stjúd. ESB L 1, 4.1. 2003, bls. 1.

**Tilkynning skv. 4. mgr. 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – 2018/EES/21/12**  
**Heimild til að viðhalda ákvæðum í landsrétti sem ganga lengra en samræmingarákvæði**  
**Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórninni barst 14. nóvember 2017 bréf frá dönskum stjórnvöldum, dagsett 10. nóvember 2017, þar sem þau tilkynntu framkvæmdastjórninni um þá ósk sína að viðhalda <sup>(1)</sup> ákvæðum í dönskum rétti um notkun nítrítaukefna í kjötvörum sem eru frábrugðin þeim sem er að finna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 <sup>(2)</sup> (Úrskurður nr. 1044 frá 4. september 2015 um aukefni o.fl. í matvælum (*BEK nr. 1044 frá 4.9.2015, Udskriftsdato: 25.9.2017, Fødevarerministeriet*)). Tilkynningin varðar efnin kalíumnítrít (E 249) og natríumnítrít (E 250) (nítrít) í hluta E í II. viðauka við reglugerðina, matvælaflokkur 8 (skrá ESB).

Nánari upplýsingar eru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 114, 28.3.2018, bls. 11.

Eftir að dönsku ákvæðin hafa verið tilkynnt hefur framkvæmdastjórnin sex mánuði til að samþykkja þau eða hafna þeim. Á þeim tíma ber framkvæmdastjórninni að ganga úr skugga um hvort dönsku ákvæðin séu réttlætlanleg með tilvísun til áriðandi aðstæðna sem um getur í 36. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða í tengslum við umhverfisvernd, og að þau feli ekki í sér handahófskennda mismunun eða duldar viðskiptahindranir og að þau leiði ekki til óþarfra og óhóflegra takmarkana á framkvæmd innri markaðarins.

Þeir, sem vilja gera athugasemdir við þessa tilkynningu, skulu senda þær framkvæmdastjórninni áður en 30 dagar eru liðnir frá birtingu þessarar auglýsingar (*Stjttð. ESB C 114, 28.3.2018, bls. 11*). Athugasemdir, sem berast eftir að fresturinn er liðinn, verða ekki teknar til greina.

<sup>(1)</sup> Heimild til 3 ára var veitt samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/826 (Stjttð ESB L 130, 28.5.2015, bls. 10.).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjttð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).